

Fundargerð

Árið 2024, miðvikudaginn 30. október kl. 08:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Áætlun 1

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða árið 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 3.750 m.kr. á árinu 2025.

Hrund Pétursdóttir óskaði eftir að leggja fram eftirfarandi bókun:

Þegar fyrirhugað var að ráðast í verkefnið Gjaldfrjálsar skólamáltíðir var það kynnt með þeim hætti að ríkissjóður myndi greiða 75% af kostnaði foreldra og sveitarfélög 25%. Þegar lagabreytingin var samþykkt var niðurstaðan að um væri að ræða ákveðna upphæð í fjárlögum sem skipt er niður eftir fjölda nemenda. Staða sveitarfélaga er mismunandi og eru bæði dæmi um að sveitarfélög sem höfðu fjárhagslegt bolmagn til að veita gjaldfrjálsar máltíðir fyrir eru að fá greitt en þau sveitarfélög sem höfðu ekki kost á því er að fá töluvert lítið upp í kostnað. Þá er rétt að nefna að minni sveitarfélög eru oft að greiða hlutfallslega meira fyrir hverja máltíð heldur en þau stærri. Þetta leggst því þungt á sum sveitarfélög en kemur inn sem viðbót hjá öðrum. Lagt er til að skoðað verði hver kostnaðurinn við skólamáltíðir er, hver var hlutur foreldra var áður, hvert raunverulegt kostnaðarhlutfall ríkissjóður greiðir og eins hvort matarsóun hafi aukist við þessar aðgerðir.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun vegna fatlaðs fólks 2025

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025. Áætlað er að 1,44% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks nemi 38.561 m.kr. á árinu 2025. Þá er áætlað að framlög úr ríkissjóði, sem nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs muni nema 2.969 m.kr. á árinu 2025. Framlag á fjárlögum árið 2025 vegna lengdrar viðverðu fatlaðra leik- og grunnskólanemenda nemur 28 m.kr. og framlög vegna innviðaupbyggingar á Sólheimum nemur 24,3 m.kr. Framlag vegna NPA á árinu 2025 mun nema 1.263 m.kr. skv. fjárlögum ársins 2025. Þá er áætlað að framlag úr Fasteignasjóði vegna framlaga til að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk nemi 350 m.kr. á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn nemi á árinu 2025 2.677.913 m.kr. og skatttekjur ríkissjóðs muni nema 1.263.514 m.kr. á árinu 2025.

Farið var yfir greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins á árinu 2025 að teknu tilliti til tekna og gjalda. Á gjaldahlið rennur hæsta framlagið til almennra framlaga vegna reksturs í málaflokknum samtals að fjárhæð 40.220 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin, vegna sterkar fjárhagslegrar stöðu Fasteignasjóðs, að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu um að framlög Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. árið 2024.

3. Áætlun framlaga vegna fatlaðs fólks

Breytingar á úthlutunarreglum

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 29. október 2024, um niðurstöður samráðs vegna breytinga á reglugerð 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk. Reglugerðardrög fóru í Samráðsgátt stjórnvalda þann 17. september sl. og lauk samráði 10. október. Megintilgangur þeirra breytinga sem lagðar voru til, var að minnka vægi framlaga á grundvelli raunkostnaðar í útreikningi almennra framlaga en aðrar minni breytingar voru einnig lagðar til. Með hliðsjón af sviptingum á hinu pólitíska sviði og þess að starfsstjórn er starfandi verður reglugerðardrögunum ekki veitt gildi með undirritun ráðherra að sinni. Verða almenn framlög ársins 2025 því reiknuð með óbreyttum hætti.

Áætlun 1

Lögð var fram til kynningar og afgreiðslu nefndarinnar 1. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir því að framlög sjóðsins nemi 40.220 m.kr. á árinu en af þeirri fjárhæð er 70 m.kr. ráðstafað til leiðréttingar á framlögum ársins 2023 að gefnum endanlegum útsvarsstofni og 240 m.kr. vegna samnings við Mosfellsbæ um notendur Skálatúns. Áætlunin byggir í meginatriðum á sama notendagrunni og 3. áætlun 2024 en er leiðrétt fyrir breytingum á lögheimili og samræmdu stuðningsmati (SIS mati) notenda, auk þess sem þeir sem látist hafa á árinu hafa verið færðir út. 1.562 notendur standa að baki áætluninni, 1.328 fullorðnir og 234 börn.

Líkt og áður eru framlög reiknuð með eiginfjármögnun sveitarfélaganna sem nemur 0,25% útsvarsstofns, alls 46.667.483 m.kr. og skiptast í framlög á grunni stuðningsþarfar; 88%, framlög á grunni útsvars; 10,75% og á grunni innviða; 1,25%. Frá áðurnefndri 46,7 ma. tölu er loks dregin frá eiginfjármögnunin sem er áætluð um 6,8 ma. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp í maí 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um samþykkt áætlunarinnar og greiðslur á grundvelli hennar fram að næstu áætlun.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 09:25.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir